

Fundargerð aðalfundar Afréttarmálagélags Flóa og Skeiða
Haldinn að Þingborg 22.03. 2025.

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Ara B Thorarensen sem fundarstjóra og sem fundarritara var það samþykkt.

2. Kannað var lögmæti fundarins og voru 7 af 8 kjörnum fulltrúum mættir.
Frá Sv. Árborg: Ari B Thorarensen Baldur Gauti Tryggvason .
Flóahreppi: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þorsteinn Logi Einarsson, Skeggi Gunnarsson .
Skeið-Gnúp: Elín Mókivist og Ingvar Hjálmarsson.
Fjallkóngar þeir Ingvar Hjálmarsson, Ágúst I Ketillsson, og Halldór Vilhjálmsson og einnig 10 gestir.

3. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og gjaldkeri reikninga félagsins.
Umræður og spurningar voru um skýrsluna og reikninga og svöruðu formaður og gjaldkeri þeim. Skýrsla stjórnar og reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða.

4. Fundurinn samþykkti að fjallskil verði kr. 75,- á jarðarþúsund, kr. 330,- á heimafé og kr. 430,- á fjallfé.
Dagkaup fjallmanna verði óbreytt kr. 4500,- per. dag og laun í eftirsafni verði kr. 22.500,-
Leiga á húsum verði 5.500,- per mann Kletti og 4.500,- per mann Hallarmúli.
Laun formanns og gjaldkera verði 100.000,- og annara stjórnarmanna 25.000,-
Umræður voru um fjallskil á fundinum vegna taps á smalahlutanum í reikningum félagsins og mikils kostnaðar á árinu vegna smalamennsku.

5. Kosningar. Ari B Thorarensen, Jón Vilmundarsson óskuðu eftir að losna úr stjórn og var stungið uppá Rúnari Hjálmarssyni, Jökli Helgasyyni og Steindóri Guðmundssyni og var sú tillaga samþykkt samhljóða og skiptist stjórn þannig: Formaður Rúnar Hjálmarsson, gjaldkeri Steindór Guðmundsson og meðstjórnandi Jökull Helgason
Varastjórn Elín Mókivist og Þorsteinn Logi Einarsson.

5. Landbótaráætlun.
Steindór Guðmundsson fór yfir verkefni við landbótaráætlun og hvar var sáð og borinn á áburður og kjötmjöl og hvað væri framundan.

6. Önnur mál.

Tilhögun réttarstarfa í Reykjaréttum og tilhögun smalamennsku og rekstur til rétta. Lögd var áhersla á að slegið væri með vegum í Sandlækjarmýri og hvernig best væri að haga rekstri til framtíðar.

Rætt var um fyrirhugað hótél í Rauðukömbum og girðingu sem skerðir afréttinn og hvernig best væri að haga smalamensku með tilkomu hennar og einnig um tjón og bætur sem hlýst við skerðingu á afréttinum.

Hafliði Sveinsson foringi í eftirsafni kom og sagði frá að hann ætlaði að hætta sem slíkur og voru honum þökkuað vel unninn störf

Ari B Thorarensen ritaði fundargerð.